

86 Enn fremur gilda ákvæði laga um framleiðslusjóð til 1. jan. 1957 um gjöld
22. des. þau, sem ákveðin eru í 2. tölul. 13. gr. þeirra laga og 16. gr. sömu laga. Koma því
ákvæði 20. gr. og 23. gr. þessara laga eigi til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1957.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

87

6. des.

AUGLÝSING

um fullgildingu viðbótarbókunar við alþjóðasamning um verndun
fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi.

Hinn 23. nóvember 1956 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent fullgild-
ingarskjal, undirritað af forseta Íslands, að viðbótarbókun við alþjóðasamning um
verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi (Protocol to the International Conven-
tion for the Northwest Atlantic Fisheries), sbr. auglýsingu 26/1950. Viðbótarbókun
þessi var undirrituð fyrir Íslands hönd í Washington hinn 9. júlí 1956.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 6. desember 1956.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.